

Mánudaginn 12. desember 1949.

Nr. 16/1948. **Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda e/s
Garnes** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Elding Trading Company og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og hrl. Lárus Jóhannesson í stað hrd.
Arna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Ágreiningur um farmsamning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febr. 1948. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 4764-12-2, norskar kr. 1368.85 og ísl. kr. 3763.66 með 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á. og sömu vexti af £ 4764-12-2, norskum kr. 1368.85 og ísl. kr. 3763.66 frá 28. sept. 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. febr. 1948. Það er aðalkrafa hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kanadíska \$ 15.052.28 ásamt 6% ársvöxtum af \$ 15.600.00 frá 28. ágúst 1946 til 20. júní 1947 og af \$ 15.052.28 frá þeim degi til greiðsludags gegn því, að hann greiði aðaláfrýjanda £ 5688-5-0 vaxtalaust. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, verði aðalkrafa hans tekin til greina. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Farmsamningur sá, sem í málinu greinir, var gerður í London af umboðsmönnum aðilja, sem báðir eru skipamiðlarar, og er því ekki neitað af gagnáfrýjanda, að hann sé við hann bundinn. Samningur þessi er gerður á prentuðu eyðublaði fyrir „Uniform General Charter as revised 1922“ með nokk-

urri breytingu. Í upphafi 4. greinar samningsins er svo kveðið á, að farmgjaldið skuli greitt í reiðufé í London, er skipið sigli frá Halifax, og sé ekki endurkræft, þótt skipið farist. Í 2. mgr. 4. gr. samningsins er farmeiganda gert að inna af hendi fyrir fram, ef þess er beiðzt, nægilegt reiðufé til lúkn-
ingar venjulegum útgjöldum í þágu skipsins í hleðsluhöfn, reiknað á hæsta gengi, þó að frádregnum 2% til að standa straum af váttryggingu og öðrum kostnaði. Skipstjórinn á e/s Garnes taldi sig eiga samkvæmt ákvæði þessu heim-
ingu á reiðufé í gjaldeyri hleðsluhafnar til greiðslu útgjalda þessara og krafðist af þeim sökum 15.600 Kanadadollara, en neitaði annars kostar að halda áfram ferðinni. Gagnáfrýj-
andi varð því að greiða kanadíska dollara til að afstýra töfum, jafnframt því sem hann mótmælti skyldu sinni til þess.

Þegar athugað er orðalag greinds samningsákvæðis og litið er til þess, að gagnáfrýjandi hefur ekki leitt í ljós venju-
helgaða merkingu þess, þá þykir ekki verða fullyrt, að aðal-
áfrýjanda hafi brostið heimild í samningi aðilja til að krefj-
ast lúknningar úr hendi farmeiganda á venjulegum útgjöldum í hleðsluhöfn í gjaldeyri þess staðar. Gagnáfrýjandi hefur bent á, að hann hafi ekki haft gjaldeyrisleyfi íslenskra yfir-
valda til greiðslu á dollurum, en þar sem þessi greiðsla hefur þegar farið fram erlendis, þykja ekki vera efni til að dæma endurgreiðslu af þeim sökum.

Leggja verður til grundvallar í málinu, eins og í héraðs-
dómi greinir, að gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda vegna útgjalda á hleðslustað \$ 15.052.28 með áskilnaði um endurgreiðslu. Á reikningi aðaláfrýjanda yfir útgjöld þessi eru 3 liðir, sem gagnáfrýjandi hefur sérstaklega véfengt, að teljast eigi til venjulegra útgjalda skips á hleðslustað í merk-
ingu 2. mgr. 4. gr. farmsamningsins. Þessir liðir eru:

1. Þóknun til kafara	\$ 40.00
2. Kolakaup	- 5319.60
3. Peningar til skipstjóra	- 4390.00

Samtals \$ 9749.60

Um 1. Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að þessi út-
gjaldaliður falli ekki undir ákvæði 2. mgr. 4. gr. farmsam-
ningsins.

Um 2. Rétt þykir að skýra ákvæði 2. mgr. 4. gr. farm-samningsins á þá leið, að það taki til kolakaupa á hleðslustað, að því leyti sem þau eru nauðsynleg vegna þarfa skipsins þar á staðnum og á leið þaðan til ákvörðunarstaðar. Samkvæmt gögnum málsins voru kolabirgðir skipsins 70 smálestir, er það kom til hleðslustaðar hinn 19. ágúst 1946. Á hleðslustaðnum keypti skipstjóri 330 smálestir kola fyrir \$ 16.12 smálest hverja eða alls \$ 5319.60. Kolaeyðsla skipsins á hleðslustað og á leið þaðan til Reykjavíkur nam samkvæmt skýrslu aðal-áfrýjanda 180 smálestum. Samkvæmt þessu hefur gagnáfrýjandi verið krafinn um greiðslu í dollurum á andvirði 150 smálesta af kolum fram yfir það, sem rétt var, eða um \$ 2418.00. Ber aðaláfrýjanda að endurgreiða þá fjárhæð.

Um 3. Fallast má á það með héraðsdómi, að vistakaup til skipsins í Boston, \$ 3340.00, falli ekki undir venjuleg útgjöld á hleðslustað. Hins vegar þykir gagnáfrýjandi ekki eiga rétt til endurgreiðslu að öðru leyti samkvæmt þessum lið.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að endurgreiða gagnáfrýjanda \$ 40.00 + 2418.00 + 3340.00 eða samtals kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Farmgjaldið nam samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir og á má fallast, £ 11.958-16-0. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslu, £ 6000-0-0, sem gagnáfrýjandi innti af hendi 28. sept. 1946. Gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda í Halifax 30. ágúst 1946, eins og áður segir, \$ 15.052.28, en af þeim ber aðaláfrýjanda að endurgreiða \$ 5798.00. Verða þá eftir \$ 9254.28, sem miðað við að £ jafngildi \$ 4.02, nema £ 2302-1-2. Þegar framangreindar tvær fjárhæðir, £ 6000-0-0 og £ 2302-1-2, hafa verið dregnar frá farmgjaldinu, £ 11.958-16-0, kemur fram, að ógreiddar eftirstöðvar þess nema £ 3656-14-10, og ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðal-áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. september s. á., enda hefur ekki verið krafizt vaxta af hærri fjárhæð fyrir þann tíma, og 6% ársvexti af £ 3656-14-10 frá 28. sept. 1946 til greiðsludags.

Svo sem í héraðsdómi greinir, bauðst gagnáfrýjandi til að setja tryggingu til að koma í veg fyrir stöðvun á uppskipun.

Skipstjórinn neitaði að taka við tryggingunni, og verður því aðaláfrýjandi að bera hallann af töfum skipsins í Reykjavík vegna stöðvunarinnar, sbr. 160. gr. siglingalaga, nr. 56/1914. Til fermingar og affermingar skipsins fóru samtals 22 dagar, 1 klukkustund og 23 mínútur. Ber gagnáfrýjanda því að greiða aukabiðdagagjald fyrir 2 daga, 1 klst. og 23 mín., £ 105-0-0 á dag eða alls £ 216-1-0 með 6% ársvöxtum frá 11. okt. 1946 til greiðsludags.

Niðurstaða málsins verður því sú, að í aðalsök greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda £ 3872-15-10 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á., af £ 3656-14-10 frá 28. september 1946 til 11. okt. s. á. og af £ 3872-15-10 frá 11. okt. 1946 til greiðsludags. Í gagnsök endurgreiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Elding Trading Company, aðaláfrýjanda, Einari B. Guðmundssyni f. h. eigenda e/s Garnes, £ 3872-15-10 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á., af £ 3656-14-10 frá 28. sept. 1946 til 11. okt. s. á. og af £ 3872-15-10 frá 11. okt. 1946 til greiðsludags.

Í gagnsök endurgreiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 10. desember 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. eigenda norska eimskipsins Garnes fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 9. apríl 1947, gegn

Elding Trading Company hér í bænnum og krafizt þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér £ 4764-12-2 + norskar kr. 1368.85 + ísl. kr. 3763.66 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. september s. á. og af stefnukröfunni frá þeim degi til greiðsludags. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt sýknu í aðalsök gegn greiðslu á £ 5668-16-6 vaxta-laust. Jafnframt höfðaði stefnda gagnsök á dómþingi 26. f. m. og krafðist þess, að gagnstefndi yrði dæmdur til greiðslu \$ 15.052.28 auk 6% ársvaxta af \$ 15.600.00 frá 28. ágúst 1946 til 20. júní 1947 og af fjárhæð gagnkröfu frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur hefur gagnstefnanda krafizt málskostnaðar í báðum sökum.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Aðalsök. Málavextir eru þeir, að með flutningsssamningi, er gerður var í London 7. maí 1946, tókst aðalstefnandi á hendur að flytja um 700 „standarda“ timburs frá Halifax til Reykjavíkur með e/s Garnes. Farmgjaldið var ákveðið 350 shillingar fyrir hvern „standard“. Skyldu biðdagar vera 20, en aukabiðdagar 10 gegn £ 105-0-0 greiðslu fyrir hvern aukabiðdag. Samkvæmt 4. gr. samningsins skyldi farmgjaldið greitt í London, er skipið léti úr höfn í Halifax, en í sömu grein var og ákveðið, að farmeigandi, þ. e. aðalstefnda, skyldi, ef óskað væri, leggja fram nægilegt fé til greiðslu venjulegra gjalda (ordinary disbursements) í hleðsluhöfn. Gjald fyrir aukabiðdaga skyldi gjaldkræft að kvöldi hvers dags. Hleðsla skipsins hófst hinn 19. ágúst 1946, og var henni lokið 28. ágúst kl. 15.30. Hafði þá verið til hennar varið af biðdögum 6 dögum, 2 stundum og 23 mínútum. Af hálfu skipseigenda var þá krafizt greiðslu á \$ 15.600.00, er þeir kváðu vera venjuleg gjöld, er inna þyrfti af hendi, áður en skipið færi úr hleðsluhöfn. Greiðsluskyldu aðalstefnda var þá þegar mótmælt á þeim grundvelli, að ekki bæri því að greiða farmgjaldið í öðrum gjaldeyri en £. Fjárhæð þessi var þó greidd með fyrirvara um endurheimtu að kvöldi 30. ágúst, og lét skipið þegar úr höfn. Aðalstefnda hafði sent skipamiðlara þeim, er annaðist samningsgerðina í London, fé til greiðslu farmgjaldsins þegar hinn 4. júní, en ekki varð úr greiðslu, áður en skipið færi frá Halifax, og kveður aðalstefnda það hafa stafað af ágreiningi þeim, sem upp kom um greiðslu framangreindrar fjárhæðar í dollurum. Hinn 6. september var umboðsmönnum skipseigenda í London boðin greiðsla á £ 12.000-0-0 gegn endurgreiðslu fyrrgreindra \$ 15.600.00, en boði þessu var hafnað. Skipið kom til Reykjavíkur 12. september, og varð skipstjóri þess þá visari, að farmgjald var enn ógreitt. Hófst uppskipun farmsins samt næsta morgun, en hinn 14. s. m. kvaðst skipstjóri hætta uppskipun hinn 16. s. m., yrði þá ekki greitt allt, sem eftir stæði af farmgjaldinu. Aðalstefnda krafðist enn sem fyrr endurgreiðslu dollarafjárhæðarinnar, og lauk svo, að uppskipun var hætt á hádegi hinn 17. september, en fyrr sama dag hafði aðalstefnda boðizt til að afhenda skipstjóra eða umboðsmanni hans £ 12.000-0-0 sem tryggingu fyrir greiðslu farmgjalds, og skyldi fjárhæð þessi geymd hjá banka eða málflytningsmanni skipseigenda hér, þar

til úr því væri skorið, hvort stefnda bæri að greiða dollara samkvæmt framanrituðu. Trygging þessi var ekki þegin. Hinn 18. sept. ritaði skipstjóri aðalstefnda bréf og kvaðst telja aðalstefnda bera ábyrgð á öllu því tjóni, er af drætti á uppskipun kynni að stafa, enda væru orsakir hans vanefnd aðalstefnda á farmsamningnum. Aðalstefnda svaraði bréfi þessu og kvaðst ekki ábyrgt, enda hafi greiðsla verið boðin í London svo og í Reykjavík til geymslu, taldi sig enn fremur eiga rétt til endurheimtu gjaldanna í Halifax og hreyfði því loks, að farmurinn væri ekki að öllu leyti í samræmi við farmskrár, og taldi, að eitthvað mundi vanta af timbrinu. Eftir nokkrar samkomulagsumleitanir varð það úr, að aðalstefnda greiddi til skipseigenda £ 6000-0-0 og setti bankatryggingu fyrir £ 6000-0-0. Var þessi lausn málsins komin á hinn 28. september, og var uppskipun haldið áfram 30. s. m. og lokið 11. október kl. 17.

Eins og fyrr var greint, heldur aðalstefnandi því fram, að aðalstefnda hafi samkvæmt 4. grein farmsamningsins verið skylt að greiða áður greind gjöld í Halifax í gjaldeyri greiðslustaðarins, þrátt fyrir þau ákvæði samningsins, er gera ráð fyrir greiðslu farmgjaldsins í £, og að aðalstefnda hafi einnig borið að greiða eftirstöðvar farmgjaldsins, áður en skipið lét þar úr höfn. Hafi aðalstefnda því enga réttmæta ástæðu haft til að draga greiðslu, er skipstjóri krafðist hennar. Þann drátt verði að telja vanefnd samninga aðilja, og beri aðalstefnda því að greiða eftirstöðvar farmgjaldsins, aukabiðdagagjald og allan kostnað, sem rekja megi til tafar skipsins.

Sundurliðar aðalstefnandi dómkröfur sínar svo:

1. Farmgjald, 683.36 „standardar“ á 350 sh = £ 11.958-16-0 að frádregnum útgjöldum í Halifax, Kan. \$ 15.048.33 = £ 3734-1-6, og greiðslu 28/9 1946 £ 6000-0-0	= £ 9.734- 1-6	
		£ 2224-14- 6
2. Aukabiðdagagjald og bætur vegna tafar umfram aukabiðdaga:		
a) 10 aukabiðdagar á £ 105-0-0		£ 1050- 0- 0
b) Bætur vegna beinnar tafar umfram aukabiðdaga: 5 dagar, 1 stund og 23 mínútur á £ 215-0-0 á dag		£ 1087- 7-10
3. Sérstök tryggingaiðgjöld vegna veru skipsins við Ísland í október 1946		£ 279- 4- 7
4. Kolaeyðsla vegna tafar skipsins 30 smálestir		£ 120- 0- 0
5. Simskeytagjöld í Englandi		£ 3- 5- 3
		£ 4764-12- 2
6. Aukavinna um borð í skipinu	norskar kr.	476.52
7. Simskeytagjöld í Noregi	— —	892.33
		Norskar kr. 1368.85
8. Hluti af útgjöldum í Reykjavík	ísl. kr.	3234.88
9. Simskeytagjöld í Reykjavík	— —	528.78
		ísl. kr. 3763.66

Svo sem fyrr greinir, heldur aðalstefnda því fram, að óheimilt hafi verið að krefja sig um greiðslu í \$ fyrir nokkrum hluta farmgjaldsins. Telur aðalstefnda þá grein sammingsins, sem aðalstefnandi studdi þessa kröfu við, hafa orðið óþarfa, er samið var um fyrirframgreiðslu farmgjaldsins alls, og ganga í berhögg við samninginn, enda sé grein þessi í hinu prentaða eyðublaði sammingsins algerlega miðuð við fyrri hluta greinarinnar, sem numinn var úr samningnum. Telur aðalstefnda slíka kröfu óheimila þegar af þeirri ástæðu, að farmgjaldið var ákveðið í £, og kveðst því eigi hafa verið skylt til greiðslu í öðrum gjaldeyri, hvar sem greitt væri, enda hafi sér verið að lögum óheimilt að verja í þessu skyni öðrum gjaldeyri en £, sem stjórnendur íslenzkra gjaldeyrismála höfðu heimilað til þeirra nota. Telur aðalstefnda, að sér hafi verið rétt að halda eftirstöðvum farmgjaldsins til þess að fá þetta leiðrétt, og vísar einnig til greiðsluboðs þess í London, sem fyrr greindi, svo og tryggingar til geymslu, er boðin var 17. september, áður en hætt var uppskipun farmsins. Heldur aðalstefnda því fram, að aðalstefnandi hafi tafið losunina á eigin ábyrgð og kostnað, og beri sér því eigi að greiða neinar viðbætur við farmgjaldið af þeim sökum. Loks heldur aðalstefnda því fram, að timbur það, sem upp var skipað, hafi reynzt 15.46 „standörðum“ minna en í farmskrám segir eða alls 667.9 „standarðar“. Farmgjald fyrir það magn sé samkvæmt ákvæðum sammingsins £ 11.668-16-6, en af því séu þegar greidd £ 6000-0-0, og telur aðalstefnda því ógreidd £ 5668-16-6 og byggir á því kröfu sína í aðalsök. Til vara hefur aðalstefnda mótmælt sem of háum kröfuliðum aðalstefnanda.

Samningur aðilja var, eins og ráða má af framanrituðu, gerður á prentuðu eyðublaði fyrir „Uniform General Charter as revised 1922 (Code name GENCON)“ með þeirri aðalbreytingu, að farmgjaldið skyldi allt greitt fyrir fram í sterlingspundum. Samt sem áður var ákvæði hins prentaða sammings látið haldast um skyldu farmeiganda til að leggja fram fé til að standast venjuleg gjöld (ordinary disbursements) í hleðsluhöfn, þótt ljóst væri, að þar gildi annar gjaldeyri en um var samið, og var orðinu „sufficient“ bætt í samninginn með ritvél. Samningsgerð þessa þykir því ekki unnt að skýra á annan veg en þann, að af hálfu aðalstefnda hafi verið fallizt á að greiða gjöld þessi í gjaldeyri greiðslustaðarins. Aðalstefnda hefur einnig véfengt fjárhæð gjalda þessara og talið, að meðal þeirra séu útgjöld, er ekki fái talizt „ordinary disbursements“, og verður það atriði nú athugað nánar.

Fyrr var greint það, að af hálfu aðalstefnda voru lagðir fram til þessa \$ 15.600.00, en umboðsmönnum þess í New York, er annazt höfðu greiðsluna fyrir það, var endurgreiddur hluti þeirrar fjárhæðar. Af gögnum málsins kemur ekki fram, hve hárrí fjárhæð endurgreiðsla þessi nam, en aðalstefnda hefur viðurkennt, að hún hafi numið \$ 547.72, og verður við það miðað hér. Námu gjaldaliðir þessir því \$ 15.052.28 að sögn aðalstefnanda. Hafa þrír liðir fjárhæðar þessarar sætt andmælum af hálfu aðalstefnda, en þeir eru þóknun til kafara, \$ 40.00, kolakaup, \$ 5319.60, og peningar til skipstjóra, \$ 4390.00. Samkvæmt skýrslu aðalstefnanda

(dskj. nr. 31) var \$ 3340.00 af síðasta liðnum varið til vistakaupa í Boston, en þaðan kom skipið til Halifax. Mismunurinn virðist vera launagreiðslur til skipverja og peningar til skipstjóra í Halifax. Fallast verður á það með aðalstefnda, að vistakaup í Boston falli ekki undir flutnings-samninginn, og var aðalstefnda því ekki skylt að leggja fram dollara í því skyni. Þóknun til kafara virðist vera viðgerðarkostnaður og ekki þess eðlis, að hún verði talin til „ordinary disbursements“. Þegar þess er gætt, að samkvæmt samningnum skyldi farmgjaldið allt greitt fyrir fram í London, þykir ákvæðið um greiðslur í hleðsluhöfn svo sérstakt afbrigði og þess eðlis, að varlega beri að fara, þegar ákveða þarf, hvaða kostnað eigi að telja „ordinary disbursements“. Þykir því eftir atvikum rétt, eins og hér stóð á, að taka til greina mótmæli aðalstefnda gegn kolakaupunum. Auk þess er ekki af gögnum málsins ljóst, hvort kola-kaupin voru gerð í Halifax eða Boston. Enn fremur var keypt svo mikið magn af kolum, að kolakaup voru engin í Reykjavík. Verður aðalstefnda því ekki heldur talið skylt að leggja fram dollara til kolakaupanna. Hins vegar þykja launagreiðslur til skipverja samkvæmt eðli sínu og venju eiga að falla undir samninginn, enda virðast þær eftir atvikum ekki hafa verið úr hófi háar. Aðrir gjaldaliðir virðast geta talizt „ordinary disbursements“, enda hafa þeir ekki sætt mótmælum á þeim grundvelli. Samkvæmt framanrituðu verður aðalstefnda talið hafa verið skylt að greiða \$ 15.052.28 að frádregnum \$ 3340.00 + 40.00 + 5319.60 eða alls \$ 6352.68.

Loks koma til athugunar mótmæli aðalstefnda, er byggð voru á því, að farmurinn hafi reynzt rýrari en farmskrár hermdu. Samkvæmt samningi aðilja skyldi farmgjald miðað við „intaken quantity“, en í gögnum málsins var það magn talið nema 683.36 „standörðum“. Að vísu virðist hafa komið upp ágreiningur milli skipstjóra og seljenda um magn farmsins, þegar skipið var fermt, en þótt svo virðist, að aðalstefnda hafi verið um þann ágreining kunnugt, áður en losun var lokið, sést ekki, að af þess hálfu hafi verið gerðar ráðstafanir til að sannreyna magnið. Verður að telja aðalstefnda bera sönnunarbyrði um þessi efni, og þar eð sönnur um þau brestur, verða þessi mótmæli aðalstefnda ekki til greina tekin.

Samkvæmt framanrituðu ber að telja farmgjaldið allt £ 11.958-16-0, en frá því dragast £ 6000-0-0, sem þegar eru greidd, svo og andvirði \$ 6352.68 í £, miðað við gengi £ = \$ 4.02, eða £ 1580-5-0, og nemur ógreitt farmgjald því £ 4378-11-0.

Koma þá næst til álita kröfur aðalstefnanda umfram sjálft farmgjaldið, en mótmæli aðalstefnda gegn þeim hafa verið rakin hér að framan. Þegar virt er það, að dollarakrafa aðalstefnanda var miklum mun hærri en rétt er talið hér að framan, svo og hitt, að sannað er í málinu, að aðalstefnda bauð fram lögmæta tryggingu í sterlingspundum til geymslu, áður en uppskipun farmsins var stöðvuð, þykir sú stöðvun ekki hafa stuðzt við réttmætar ástæður, og verður aðalstefnda því ekki talið skylt að bæta neitt tjón, er af þeirri töf kann að hafa hlotizt.

Vinna við hleðslu og losun stóð yfir samtals í 19 daga, 2 stundir og 23

mínútur. Í Halifax tafðist skipið hins vegar um 1 dag og 8 stundir, á meðan beðið var eftir greiðslu frá aðalstefnda á kröfum aðalstefnanda. Hér að framan hefur verið talið, að aðalstefnda hafi verið skuldbundið til greiðslu útgjalda í Halifax, en ljóst er, að töl þessi á brottsiglingu skipsins stafaði af greiðsluneitun á þeim grundvelli, að ekkert af farmgjaldinu skyldi greiða í dollurum. Verður því að telja, að töl þessi í Halifax eigi að vera á kostnað aðalstefnda, og hafa samkvæmt því farið 21 dagur, 1 stund og 23 mínútur til hleðslu og losunar, en samkvæmt samningnum ber aðalstefnda að greiða aukabiðdagagjald (£ 105-0-0 á dag) fyrir þann tíma, sem umfram er biðdagana, tuttugu að tölu. Ber aðalstefnda því að greiða £ 111-1-0 samkvæmt þessum lið, og varð sú fjárhæð gjaldkræf 11. október 1946.

Úrslit aðalsakar verða samkvæmt framansögðu þau, að aðalstefnda verður dæmt til greiðslu á £ 4378-11-0 + £ 111-1-0 eða samtals £ 4489-12-0 með 6% ársvöxtum af £ 10.378-11-0 frá 28. ágúst 1946 til 28. september 1946, af £ 4378-11-0 frá þeim degi til 11. október 1946 og af £ 4489-12-0 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsök. Gagnstefnanda byggir kröfur sínar á því, að sér hafi verið óskýlt með öllu að greiða nokkuð af farmgjaldinu í dollurum. Af því, sem sagt hefur verið hér að framan um aðalsökina og hér þykir nægja að vísa til, var ljóst, að gagnstefndi krafði gagnstefnanda um \$ 8699.60 umfram greiðsluskyldu þess, og ber því að dæma gagnstefnda til að endurgreiða þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi, er greitt var, 30. ágúst 1946, til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson og Jóhann Ólafsson framkvæmdastjóri. Uppsaga dómsins hefur dregið nokkuð um venju fram, og valda því annir dómenda.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefnda, Elding Trading Company, aðalstefnanda, Einari B. Guðmundssyni hrl. f. h. eigenda e/s Garnes, £ 4489-12-0 með 6% ársvöxtum af £ 10.378-11-0 frá 28. ágúst 1946 til 28. september 1946, af £ 4378-11-0 frá þeim degi til 11. október 1946 og af £ 4489-12-0 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kanadíska \$ 8699.60 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.